



Vesturgata 8

Vesturgata 6 - Pakkhúsið

Vesturgata 6 - Sívertsenshús

Vesturgata 4 - Vínhúsið

**FYRIRVARI.** Skilmálablað lesist með deiliskipulagi, skipulagsskilmálum og skilmálatöflum. Um framkvæmdir gilda skipulags- og byggingarlög og -reglugerðir og lög um menningarminjar. Engin leyfi verða veitt nema að undangengnu umsóknarferli til byggingaryfirvalda í Hafnarfirði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

**Almennt.** Á safnasvæðinu við Vesturgötu eru elstu hús Hafnarfjarðar sem ber að vernda en einnig stendur húsið Vesturgata 8 frá því um 1980. Gefnar eru heimildir til þess að stækka og efla menningarstarfsemi á reitnum og eru allar nýjar heimildir skilyrtar til þeirrar notkunar. Við allar breytingar skal taka tillit til eldri byggðar og ný- og viðbyggingar skulu vera byggingarlist í hæsta gæðaflokki sem hæfir eldri byggð. Stærðir koma fram í skilmálatöflu og á lóðarblöðum. Mikilvægt er að gömlu húsin fái faglegt viðhald þar sem notast er við byggingarefni og liti sem hæfa húsunum.

**LÓÐ VESTURGATA 4-8 (+ Kirkjuvegur 1)**

Heimilt er að sameina lóðir (~3.397m<sup>2</sup>) eða skipta upp eftir hentugleikum til að greiða fyrir menningarstarfsemi á reitnum. Beggubúð verður flutt á lóð nær upprunalegri staðsetningu sinni og lóðin felld inn í lóð byggðasafnis. Kvöð er um aðkomu Merkursgötu 2 að bílstæði og bílskrú á lóð. Kvöð er um aðkomu slökkviliðs. Að öðru leyti er lóðarfyrirkomulag á uppdráttum til viðmiðunar.

**VESTURGATA 4-6**


Heimilt er að byggja byggingu fyrir menningarstarfsemi á milli núverandi húsa. Heimild er skilyrt fyrir menningarstarfsemi og háð því að Hafnarfjarðarbær leysi til sín lóðina Vesturgata 4.

**VESTURGATA 8**


Vesturgata 8, gistiheimili frá 1985. Heimilt að gera útistiga og svalir skv. deiliskipulagi frá 2020. Gististarfsemi er víkjandi og heimilt að rífa húsið þegar Hafnarfjarðarbær vill leysa til sín lóðina fyrir menningarstarfsemi. Allar nýjar heimildir á reitnum (og lóðinni V8) eru skilyrtar fyrir menningarstarfsemi og háðar eignarhaldi Hafnarfjarðarbæjar. Hæsta leyfilega mænishæð nýs húss er sú sama og á pakkhúsinu.

**KIRKJUVEGUR 1**


Skilgreind er ný lóð fyrir flutningshús eða nýbyggingu. Heimilt er að hafa íbúð eða menningarstarfsemi í húsinu. Lóðin fær númerið 1 við Kirkjuveg (en númerið losnar við flutning Beggubúðar.)



SNEIÐING



SAFNASVÆÐI ÚTLIT 10



GRUNNMYND mkv. 1:500 m.v. A3

**SKILMÁLABLAÐ SK-010  
VESTURGATA 4,6,8  
REYKJAVÍKURVEGUR 1B**

- Mörk deiliskipulags
- Mörk verndarsvæðis í byggð
- Núverandi bygging
- 55% Byggingarreitur / hámarks nýting Dæmi um mögulega byggingu
- Niðurrifsh. Flutningsheimild
- Hækkun húss heimil
- Viðbyggingarheimild
- Fjöldi hæða
- Mænisstefna
- Ný lóð - lóðarstækkun
- Lóðarmörk úr gildi
- Gangstétt
- Vistgata
- Upphækkun / hellulögn
- Bíla- (hleðslu)stæði - leiðbeinandi
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- Hámarksfjöldi bílastæða á lóð
- Opið svæði / hraun
- Trjágróður - leiðbeinandi
- Leiksvæði
- Spennistöð núv. / heimil